

Nd. 139. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarp þetta til athugunar, og mælir meiri hlutinn með því, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmenn, þeir Skúli Guðmundsson og Lúðvík Jósefsson, munu skila séráliti. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að vegna hinna nýju laga um lækkun aðflutningsgjalda verði gerð á frv. svofelld

BREYTING:

Síðari málsgr. II. töluliðar 4. gr. orðist svo:

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar, svo og vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 90 20. nóv. 1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Alþingi, 22. nóv. 1961.

Birgir Kjaran,
form.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
frsm.

Sigurður Ingimundarson,
funadskr.